Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands

Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, febrúar 2014

Birt: 26. febrúar 2014

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk peningastefnunefndar að ákvarða vexti og önnur stýritæki peningastefnunnar og að „[opinberlega skuli] birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“. Í samræmi við lögin hefur peningastefnunefndin ákveðið að birta fundargerðir af vaxtaákvörðunarfundum sínum tveimur vikum eftir hverja ákvörðun. Í *Ársskýrslu* bankans verður greint frá því hvernig einstakir nefndarmenn greiddu atkvæði.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 10. og 11. febrúar 2014, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, vaxtaákvörðunina 12. febrúar og kynningu þeirrar ákvörðunar.

I Þróun í efnahags- og peningamálum

Áður en nefndarmenn fjölluðu um vaxtaákvörðunina ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlendan þjóðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá vaxtaákvörðuninni 11. desember, eins og þær birtust í uppfærðri spá í *Peningamálum* 2014/1 12. febrúar.

Fjármálamarkaðir

Þegar fundur peningastefnunefndar var haldinn í febrúar var viðskiptavegið meðalgengi krónunnar á innlendum gjaldeyrismarkaði 3,3% hærra en á fundi hennar í desember. Á milli funda hafði gengi krónunnar hækkað um 3,3% gagnvart evru, 2,8% gagnvart Bandaríkjadal og um 3% gagnvart sterlingspundi. Tilboð í krónur á aflandsmarkaði voru á bilinu 214-250 krónur fyrir hverja evru og höfðu lækkað lítillega.

Hrein uppsöfnuð gjaldeyriskaup Seðlabankans á innlendum gjaldeyrismarkaði námu um 113 milljónum evra (um 17,8 ma.kr.) frá síðasta fundi nefndarinnar, en það nemur um 41% af veltu á gjaldeyrismarkaði á þeim tíma.

Lausafjárstaða á millibankamarkaði með krónur hélst almennt rúm milli funda og voru vextir til einnar nætur eins og áður í neðri hluta vaxtagangsins eða 0,25 prósentum hærri en vextir á viðskiptareikningum. Frá áramótum og fram að febrúarfundinum hafði veltan á millibankamarkaði verið með minnsta móti eða um 2 ma.kr. en var um 47 ma.kr. á sama tímabili fyrir ári.

Vegna rúmrar lausafjárstöðu fjármálakerfisins um þessar mundir lætur nærri að einfalt meðaltal vaxta á innlánsreikningum fjármálafyrirtækja í Seðlabankanum og hámarksvaxta innstæðubréfa sé besti mælikvarðinn á áhrif vaxta Seðlabankans á peningamarkaðsvexti. Þetta meðaltal, sem kalla má virka vexti, var tæplega 5½% þegar febrúarfundurinn var haldinn. Þrátt fyrir óbreytta nafnvexti hefur taumhald peningastefnunnar heldur styrkst frá því í desember í takt við hjaðnandi verðbólgu og verðbólguvæntingar. Virkir raunvextir bankans voru 2,2% miðað við ársverðbólgu í janúar en 1,8% miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar eða um ½ prósentu hærri en á fundi nefndarinnar í desember. Meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar var 3,5% þegar febrúarfundurinn var haldinn.

Skuldatryggingarálag á Ríkissjóð Íslands var nánast óbreytt frá desemberfundinum og mældist 1,9 prósentur rétt fyrir febrúarfundinn. Áhættuálag á skuldbindingar ríkissjóðs, sem lesa má út úr mun á vöxtum skuldabréfa ríkissjóðs í Bandaríkjadölum og sambærilegra bréfa ríkissjóðs Bandaríkjanna með gjalddaga árin 2016 annars vegar og 2022 hins vegar, hefur lækkað um u.þ.b. ½ prósentu frá síðasta fundi og mældist um 2½ prósenta rétt fyrir febrúarfundinn.

Óbreyttir vextir Seðlabankans í desember virtust vera verðlagðir inn í ávöxtunarferilinn og voru í samræmi við væntingar greiningardeilda fjármálafyrirtækja. Flestar greiningardeildir nefndu sem rök fyrir óbreyttum vöxtum að verðbólga hefði hjaðnað, raunstýrivextir hækkað og krónan styrkst frá síðasta fundi nefndarinnar. Könnun Seðlabankans á væntingum markaðsaðila, sem var framkvæmd í febrúarbyrjun, gefur til kynna að þeir vænti lægri vaxta Seðlabankans á þessu ári en þeir gerðu í sambærilegri könnun sem gerð var í lok október sl. Samkvæmt niðurstöðunum vænta þeir að veðlánavextir bankans haldist óbreyttir í 6% til loka þessa árs sem eru 0,5 prósentum lægri vextir en þeir væntu síðast. Nú virðast þeir hins vegar gera ráð fyrir 0,25 prósentna hækkun á fyrsta fjórðungi næsta árs og 6,5% vöxtum eftir tvö ár. Framvirkir vextir gefa hins vegar til kynna að markaðsaðilar vænti þess að vextir bankans hækki um 0,5 prósentur á þessu ári og verði 6,5% í lok ársins sem eru 0,25 prósentum hærri vextir en framvirkir vextir gáfu til kynna í lok október.

Vítt skilgreint peningamagn (M3) jókst um 4,1% milli ára á fjórða fjórðungi 2013. Sé litið fram hjá innlánum eignarhaldsfélaga jókst M3 um 1,3%. Þrengra skilgreint peningamagn hefur einnig aukist milli ára og nam ársvöxtur þess um 2-3¾% á fjórða fjórðungi 2013. Á sama tímabili hefur grunnfé bankans aukist um 4,2%.

Hrein ný útlán innlánsstofnana til heimila á síðasta ári, þ.e. ný útlán að frádregnum uppgreiðslum, námu um 55 ma.kr. eða um 7,5% af heildarútlánastofni innlánsstofnana til heimila í upphafi árs í fyrra. Ný útlán til fyrirtækja (annarra en eignarhaldsfélaga) í fyrra námu um 84 ma.kr. eða 8% af heildarútlánastofni innlánsstofnana til fyrirtækja í ársbyrjun 2013. Ný útlán til fyrirtækja voru að stærstum hluta óverðtryggð en ný útlán til heimila hafa hins vegar að mestu leyti verið verðtryggð en uppgreiðslur verðtryggðra lána hafa jafnframt verið meiri.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar, OMXI6, hafði lækkað lítillega milli funda. Velta á aðalmarkaði Nasdaq OMX Iceland var um 251 ma.kr. á síðasta ári sem er hátt í þrefalt meiri velta en árið 2012. Veltan í janúar sl. nam um 27,4 ma.kr. sem er nánast óbreytt velta miðað við sama mánuð í fyrra. Markaðsvirði skráðra félaga á aðalmarkaðnum í byrjun febrúar nam um 543 ma.kr. eða u.þ.b. þriðjungi af vergri landsframleiðslu ársins 2012.

Horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum og utanríkisviðskiptum

Samkvæmt nýjustu spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem birt var í janúar, verður hagvöxtur í heiminum litlu meiri í ár en stofnunin spáði í október en spáin fyrir næsta ár er óbreytt. Gert er ráð fyrir nokkru meiri hagvexti í iðnríkjunum á þessu ári en í október en minni hagvexti á næsta ári. Ástæður meiri hagvaxtar í ár eru betri horfur um hagvöxt í Bretlandi, Japan og Bandaríkjunum. Spáin um hagvöxt í nýmarkaðsríkjunum í ár er hins vegar óbreytt frá síðustu spá en hefur verið endurskoðuð lítillega upp á við fyrir næsta ár. Spár fyrir verðbólgu í bæði iðn- og nýmarkaðsríkjunum eru nær óbreyttar frá því sem áætlað var í október. Spár *Consensus Forecasts* um hagvöxt í helstu viðskiptalöndum Íslands voru um 0,2 prósentum hærri en á desemberfundi peningastefnunefndar.

Afgangur af vöruskiptum Íslands var 4,3 ma.kr. í desember í fyrra og samkvæmt bráðabirgðatölum 7,3 ma.kr. í janúar. Verðmæti innflutnings hefur aukist nokkuð og verðmæti útflutnings lítillega milli ára undanfarna tvo mánuði. Aukið verðmæti innflutnings skýrist af auknu verðmæti flutningatækja og hrá- og rekstrarvara og aukið verðmæti útflutnings af auknu útflutningsverðmæti sjávarafurða.

Álverð hafði lækkað nokkuð frá síðasta fundi peningastefnunefndar en verð sjávarafurða hækkaði lítils háttar bæði í nóvember og desember. Viðskiptakjör bötnuðu um rúm 2½% á fjórða ársfjórðungi frá sama tíma í fyrra.

Innlendur þjóðarbúskapur og verðbólga

Samkvæmt niðurstöðum Vinnumarkaðskönnunar Hagstofu Íslands (VMK) var vöxtur vinnuaflseftirspurnar töluvert meiri á síðasta fjórðungi í fyrra en gert hafði verið ráð fyrir í nóvemberspá *Peningamála*. Þá var gert ráð fyrir 1% fjölgun heildarvinnustunda frá fyrra ári, en reyndin varð 4,3%. Fjölgunin stafar af 4,6% fjölgun starfandi fólks en meðalvinnutími dróst saman um 0,3%. Á árinu 2013 fjölgaði heildarvinnustundum um 3,7% frá fyrra ári þar sem starfandi fólki fjölgaði um 3,4% og meðalvinnutími jókst um 0,3%.

Aðrir mælikvarðar á eftirspurn og framboð vinnuafls þróuðust í jákvæða átt á síðasta ári. Hlutfall starfandi af heildarvinnuafli jókst um 1,4 prósentur milli ára, atvinnuþátttaka jókst um 0,9 prósentur og fólki utan vinnumarkaðar fækkaði um 3,3%.

Á síðasta fjórðungi ársins 2013 fluttu fleiri til landsins en frá því, fimmta fjórðunginn í röð. Í fyrsta skipti frá falli bankakerfisins fluttu því fleiri til landsins en frá því á árinu í heild eða sem nemur 0,9% af vinnuaflinu. Nettófjölgunin stafar eingöngu af fjölgun erlendra ríkisborgara, en hún styður við aðrar vísbendingar um aukna eftirspurn eftir vinnuafli.

Atvinnuleysi samkvæmt skrá Vinnumálastofnunar (VMST) var heldur minna á síðasta fjórðungi í fyrra en gert hafði verið ráð fyrir í síðustu spá Seðlabankans. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi var 4,1% á ársfjórðungnum samkvæmt mælingu VMST en 5,3% samkvæmt mælingu VMK. Atvinnuleysi minnkaði um 1,3 prósentur milli ára 2013 samkvæmt mælingu VMST og var 4,4% og um 0,6 prósentur samkvæmt VMK og var 5,4%.

Á síðasta fjórðungi ársins 2013 hækkuðu laun heldur meira en gert hafði verið ráð fyrir í nóvemberspá *Peningamála*. Launavísitalan hækkaði um tæplega 1% milli fjórðunga og nam árshækkun hennar 6%. Vísitalan hækkaði um 5,7% milli ársmeðaltala árið 2013.

Helstu vísbendingar um þróun einkaneyslu á fjórða ársfjórðungi gefa til kynna ágætan vöxt á fjórðungnum. Greiðslukortavelta jókst um 4,5% milli ára á fjórðungnum og um 2,3% frá fjórðungnum á undan. Þó nokkur vöxtur var einnig í smásöluveltu. Á móti þessu vegur að

umtalsvert hægði á nýskráningum bifreiða og neytendur voru svartsýnni á síðasta fjórðungi síðasta árs samanborið við sama tíma 2012 þótt dregið hafi úr svartsýni þeirra í desember.

Húsnæðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í lok janúar, hækkaði um rúmlega ½% frá fyrri mánuði en um 1,2% þegar leiðrétt hefur verið fyrir árstíðarsveiflu. Frá janúar 2013 hafði vísitalan hækkað um 9,7%. Vísitala fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem Þjóðskrá Íslands reiknar út, lækkaði um ½% milli mánaða í desember 2013 en stóð í stað þegar leiðrétt hefur verið fyrir árstíðarsveiflu. Milli áranna 2012 og 2013 hækkaði hún um 6½% og húsnæðisverðsvísitala Hagstofunnar um 5,8%. Um 32% fleiri kaupsamningar voru gerðir í desember á landinu öllu en í sama mánuði árið 2012 en kaupsamningum fjölgaði um 11% milli ára í fyrra. Meðalsölutími íbúða á höfuðborgarsvæðinu var í kringum fimm mánuðir árið 2013 og hafði þá styst um tvo mánuði frá árinu á undan.

Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,72% milli mánaða í janúar. Lækkunina má að mestu rekja til útsöluáhrifa en flugfargjöld til útlanda og bensínverð höfðu einnig áhrif til lækkunar. Á móti vógu aukinn kostnaður vegna húsnæðis og verðhækkanir á heilbrigðisþjónustu. Árshækkun almennrar þjónustu lækkaði úr 6,1% í desember í 3,3% í janúar.

Ársverðbólga mældist 3,1% og hafði hjaðnað úr 4,2% í desember, en einungis 1,9% sé húsnæðisliður vísitölunnar undanskilinn. Undirliggjandi ársverðbólga á mælikvarða kjarnavísitölu 3 án skattaáhrifa minnkaði um 0,8 prósentur milli mánaða og um 1,2 prósentur samkvæmt kjarnavísitölu 4 án skatta. Ársverðbólga á þá mælikvarða mældist 3,7% og 2,4%. Tölfræðilegir mælikvarðar gefa til kynna að undirliggjandi verðbólga sé á bilinu 2½-3%.

Verðbólguvæntingar hafa lækkað í kjölfar hjöðnunar verðbólgu í janúar og aukinna væntinga um hóflegri launahækkanir á árinu. Þannig hefur verðbólguálag á skuldabréfamarkaði að jafnaði lækkað um 0,4-0,6 prósentur til skemmri og lengri tíma frá desemberfundi nefndarinnar. Á alla þessa kvarða mældust verðbólguvæntingar á bilinu 3,3-3,7% rétt fyrir fund nefndarinnar í febrúar. Samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans á væntingum markaðsaðila sem framkvæmd var í byrjun febrúar vænta þeir að verðbólga verði um 3,5% eftir tvö ár, sem er lækkun um 0,5-0,7 prósentur frá sambærilegri könnun í nóvember. Verðbólguvæntingar þeirra til lengri tíma litið hafa hins vegar ekki breyst og gera þeir áfram ráð fyrir að verðbólga verði um 4% að meðaltali næstu tíu ár.

Samkvæmt uppfærðri spá sem birtist í *Peningamálum* 2014/1 eru verðbólguhorfur betri á þessu ári en gert var ráð fyrir í síðustu spá sem birt var í nóvember. Hærra gengi krónunnar og minni hækkun launakostnaðar á framleidda einingu en þá var gert ráð fyrir skýra að mestu betri verðbólguhorfur í ár. Gangi forsendur um þróun launa og gengis eftir verður verðbólga í námunda við verðbólgumarkmiðið á þessu ári. Hins vegar er útlit fyrir að verðbólga aukist á ný snemma á næsta ári þegar áhrif nýliðinnar gengishækkunar fjara út og framleiðsluslaki snýst í spennu. Samkvæmt spánni verður verðbólga meiri en 3% á næstu tveimur árum, mest um 3½% seint á næsta ári, en hjaðnar síðan á árinu 2016 vegna stífara taumhalds peningastefnunnar. Gangi spáin eftir verður verðbólga þó eitthvað yfir markmiði í lok spátímans en markmiðið er þó vel innan 50% af líkindadreifingu spárinnar.

Alþjóðlegar hagvaxtarhorfur hafa skánað frá útgáfu *Peningamála* í nóvember þótt óvissa sé áfram mikil, sérstaklega í tengslum við ágjöf sem ýmis nýmarkaðsríki hafa orðið fyrir nýlega. Horfur um viðskiptakjör þjóðarbúsins hafa einnig batnað en útflutningshorfur hafa versnað, sérstaklega vegna lakari horfa um loðnuveiði í ár.

Útlit er fyrir að hagvöxtur í fyrra hafi verið töluvert meiri en áður hafði verið gert ráð fyrir eða 3% í stað 2,3% í nóvemberspánni. Skýrist það af mun hagstæðara framlagi utanríkisviðskipta en spáð var, þótt innlend eftirspurn þróaðist í takt við fyrri spá. Batinn á vinnumarkaði hefur einnig reynst meiri en spáð var. Sakir kröftugri hagvaxtar minnkar slakinn í þjóðarbúskapnum hraðar en áður hafði verið talið og gæti snúist í spennu á fyrri hluta næsta árs.

Fyrirhugaðar aðgerðir stjórnvalda til lækkunar húsnæðisskulda og aðrar aðgerðir stjórnvalda til að örva eftirspurn hafa töluverð áhrif á efnahagshorfur. Skuldalækkunin mun auka einkaneyslu töluvert á næstu misserum. Aukin eftirspurn mun jafnframt koma fram í auknum innflutningi og draga úr þjóðhagslegum sparnaði og viðskiptaafgangi. Hagvaxtaráhrif aðgerðanna verða því minni en áhrifin á innlenda eftirspurn.

Eins og í nóvember er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 2,6% á þessu ári. Vegast þar á áhrif eftirspurnarhvetjandi aðgerða stjórnvalda annars vegar og horfur um minni vöxt útflutnings hins vegar. Uppbygging orkufreks iðnaðar hefur einnig tafist. Horfur um hagvöxt á næstu tveimur árum hafa batnað töluvert og er gert ráð fyrir 3,7% hagvexti á næsta ári og 3% hagvexti árið 2016. Gangi spáin eftir verður hagvöxtur að meðaltali um 3,1% á ári á spátímanum. Er það meiri vöxtur en sá 2,5% vöxtur sem hefur verið að meðaltali undanfarin þrjátíu ár og töluvert meiri vöxtur en spáð er í helstu viðskiptalöndum Íslands.

II Vaxtaákvörðunin

Seðlabankastjóri skýrði nefndinni frá gangi mála frá síðasta fundi nefndarinnar vegna vinnu innan Seðlabankans og á vegum annarra stjórnvalda í tengslum við losun fjármagnshafta.

Nefndarmenn voru sammála um að nýleg efnahagsþróun hafi verið í takt við mat nefndarinnar á desemberfundinum, en áætlað er að hagvöxtur í fyrra hafi verið töluvert meiri en Seðlabankinn spáði í nóvember síðastliðnum. Rætt var um að það samrýmdist vísbendingum um sterkan bata á vinnumarkaði sem áður voru komnar fram.

Nefndin ræddi um að horfur fyrir þetta ár hefðu batnað samkvæmt spá Seðlabankans sem birtist í *Peningamálum* 12. febrúar. Jafnframt tóku nefndarmenn mið af því að gengi krónunnar hefði hækkað undanfarnar vikur þrátt fyrir umtalsverð gjaldeyriskaup Seðlabankans og að horfur væru á að launakostnaður á framleidda einingu hækki minna í ár en áður var spáð, að því gefnu að meginniðurstöður kjarasamninga sem gerðir voru fyrir áramót gildi fyrir vinnumarkaðinn í heild.

Nefndin taldi því líklegt að verðbólga á þessu ári yrði minni en áður var talið og nálægt markmiði. Sumir nefndarmenn töldu jafnvel, í ljósi nýlegrar gengisþróunar, ákveðnar líkur á að verðbólga kynni að fara tímabundið niður fyrir verðbólgumarkmiðið. Í þessu sambandi ræddi nefndin að hve miklu leyti hækkun húsnæðisverðs væri vísbending um framtíðarverðbólgu og að hve miklu leyti hún endurspeglaði breytingar á hlutfallslegu verði.

Nefndin var sammála um að verðbólguhorfur til næstu tveggja ára hefðu versnað frá nóvemberspá bankans vegna þess að horfur væru á að slaki í þjóðarbúskapnum myndi snúast í spennu á tímabilinu. Nefndarmenn veittu því athygli að samkvæmt uppfærðri spá Seðlabankans myndi hagvöxtur aukast á næstu tveimur árum og slaki í þjóðarbúskapnum hverfa fyrr en áður var talið. Aðgerðir til þess að lækka verðtryggðar skuldir heimila myndu hafa nokkur áhrif á efnahagshorfur næstu ára. Voru nefndarmenn sammála niðurstöðu

greiningar sem birtist í *Peningamálum* þess efnis að aðgerðirnar myndu að óbreyttu auka einkaneyslu og innflutning og draga úr þjóðhagslegum sparnaði og viðskiptaafgangi en það stuðlar að lægra gengi krónunnar en ella. Höfðu nefndarmenn áhyggjur af því að þegar aðgerðin kæmi til framkvæmda yrði slakinn nánast horfinn úr þjóðarbúinu og því væri meiri hætta á að aukin efnahagsumsvif kæmu í meira mæli fram í verðbólgu. Væri því mikilvægt að stjórnvöld grípi til annarra aðgerða til þess að efla sparnað og draga úr þrýstingi til lækkunar gengis krónunnar sem gæti hækkað höfuðstól verðtryggðra lána að nafnvirði.

Nefndarmenn voru sammála um að horfur á meiri vexti innlendrar eftirspurnar muni að öðru óbreyttu krefjast þess að taumhald peningastefnunnar verði hert fyrr og meir en áður hafði verið búist við. Hins vegar gætu komið á móti aðrar aðgerðir sem legðust á sveif með peningastefnunni. Þar skipti miklu máli hvaða stefnu yrði fylgt í ríkisfjármálum á komandi árum. Einnig var rætt um að endurbætur sem styrkja framboðshlið þjóðarbúsins gætu dregið úr framleiðsluspennu og þar með úr verðbólguáhrifum aukinnar eftirspurnar.

Í ljósi umræðunnar lagði seðlabankastjóri til að vöxtum yrði haldið óbreyttum: innlánsvöxtum (vöxtum á viðskiptareikningum) í 5%, hámarksvöxtum á 28 daga innstæðubréfum í 5,75%, vöxtum af lánum gegn veði til sjö daga í 6% og daglánavöxtum í 7%. Fjórir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra. Töldu þeir að sú óvissa sem enn væri til staðar varðandi helstu þætti spárinnar og aðrar hagstjórnaraðgerðir sem gætu stutt við peningastefnuna mælti gegn hækkun vaxta að svo stöddu. Þá væri töluverð óvissa um áhrif skuldalækkunaraðgerða stjórnvalda auk þess sem hagstæð gengisþróun krónunnar kynni að halda áfram. Þrátt fyrir að verðbólguhorfur til miðlungslangs tíma hefðu versnað væri enn rúmur tími til að bregðast við þeim. Einnig var bent á að raunvextir bankans hefðu þegar hækkað vegna hjöðnunar verðbólgu. Einn nefndarmaður greiddi hins vegar atkvæði gegn tillögu seðlabankastjóra og vildi hækka stýrivexti um 0,25 prósentur. Benti hann á að þrátt fyrir að verðbólguhorfur til næstu missera hefðu batnað væru horfur til næstu tveggja ára verri. Jafnframt væru verðbólguvæntingar til langs tíma enn nálægt 4% og hefðu lítið breyst þrátt fyrir hagstæðari þróun verðbólgu að undanförnu.

Nefndarmenn töldu að þrátt fyrir að taumhald peningastefnunnar myndi herðast án frekari vaxtabreytinga að því marki sem verðbólga hjaðnaði frekar þyrftu nafnvextir Seðlabankans þó að óbreyttu að hækka samkvæmt verðbólguspá hans þegar nær dregur því að slaki snúist í spennu. Þróun nafnvaxta bankans myndi þó sem áður ráðast af framvindu verðbólgu.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Már Guðmundsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur

Gylfi Zoëga, prófessor, utanaðkomandi nefndarmaður

Katrín Ólafsdóttir, lektor, utanaðkomandi nefndarmaður

Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Rannveig Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnunefndarinnar verður birt miðvikudaginn 19. mars 2014.